

## Minnisspjald fyrir sjúklinga varðandi beindrep í kjálka

Þetta minnisspjald inniheldur mikilvægar öryggisupplýsingar sem þú þarft að vita um áður en meðferð með Aclasta (zoledronsýru) hefst og eftir að hún er hafin.

Læknirinn hefur ráðlagt að þú fái meðferð með lyfinu Aclasta, sem er notað til meðferðar hjá konum eftir tíðahvörf og hjá fullorðnum körlum, við beinþynningu af völdum langvarandi meðferðar með sterum eða af öðrum orsökum og við Pagetssjúkdómi í beinum hjá fullorðnum. Þessir sjúkdómar leiða til þynningar á beinum og veikja þau svo þau geta brotnað auðveldlega. Aclasta inniheldur zoledronsýru og tilheyrir flokki lyfja sem nefnast bisfosfónöt og notuð eru til þess að meðhöndla eða fyrirbyggja kvilla í beinum.

Einstaka sinnum hefur verið tilkynnt um aukaverkun sem kallast beindrep í kjálka (alvarlegar skemmdir í kjálkabeini) hjá sjúklingum sem hafa fengið Aclasta við beinþynningu. Beindrep í kjálka getur einnig komið fram eftir að meðferð er hætt.

Mikilvægt er að reyna að koma í veg fyrir að beindrep í kjálka myndist því það er sársaukafullur kvilli sem getur verið erfitt að meðhöndla. Hættan á beindrepi í kjálka eykst ef gera þarf aðgerð í munni eftir að meðferð er hafin (t.d. ef taka þarf tönn). Reykingar, ákveðnir sjúkdómar og læknismeðferðir geta aukið þessa hættu. Til að draga úr hættu á að fá beindrep í kjálka eru nokkrar varúðarráðstafanir sem þú getur gripið til:

### Áður en meðferð hefst:

Segðu læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem koma að meðferð þinni frá því, ef þú ert með einhver vandamál í tönnum eða munni (til dæmis tannholdsbólgur eða sár). Læknirinn gæti beðið þig um að fara í skoðun hjá tannlækni, t.d. ef þú:

- hefur áður fengið meðferð með lyfi sem inniheldur bisfonfonat
- notar lyf sem nefnast barksterar (svo sem prednisólón eða dexametasón)
- reykir
- ert með krabbamein
- hefur ekki farið til tannlæknis lengi
- átt í vandamálum tengdum munni eða tönnum.

### Eftir að meðferð er hafin:

- Þú skalt viðhalda góðri tannheilsu, burstu tennurnar reglulega og fara reglulega í skoðun til tannlæknis. Ef þú ert með lausa tanngóma skaltu tryggja að þeir passi vel.
- Ef þú ert í meðferð hjá tannlækni eða ef þú ferð í tannaðgerð (t.d. tanndrátt) skaltu láta læknum vita og segja tannlæknum að þú sért á meðferð með zoledronsýru, sýndu honum þetta spjald.
- Hafðu tafarlaust samband við læknum og tannlæknum ef þú finnur fyrir einhverjum vandamálum í tengslum við munninn eða tennurnar, svo sem að tennur losni, verk eða bólgu, sár gróa illa eða útferð er úr sárum, þar sem það gætu verið vísbendingar um beindrep í kjálka.

Vinsamlega lesið fylgiseðilinn sem fylgir í pakkningunni með lyfinu. Þar er að finna frekari upplýsingar. Læknirinn sem ávísar lyfinu eða heilbrigðisstarfsmaður sem sér um lyfjagjöfina getur útvegað þér eintak af fylgiseðlinum en hann er einnig að finna á netinu ([www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)).